

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 18. júlí, kl. 10:00 var haldinn 1783. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn MEA veitinga ehf., kt. 620224-3670, dags. 25. mars 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Hello – Xin chao) að Laugavegi 107, F2010330, rými 03 0101, bás Sb2. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Hlemmi mathöll.*
- Lögð fram umsókn ÓK2021 ehf., kt. 680121-0360, dags. 17. júní 2024, um starfsleyfi fyrir matsöluvagn, færanleg matvælastarfsemi (Plan B veitingabíll). Skráningarnúmer: OBL70. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Almennum skilyrðum fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.*
- Lögð fram umsókn RVK Bites ehf., kt. 620124-1760, dags. 3. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingaverslun (Kol Delí) að Skólavörðustíg 40, F2006095, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.* Ekki er gert ráð fyrir neyslu veitinga á staðnum þar sem ekki er snyrting fyrir gesti.
- Lögð fram umsókn Pikkoló ehf., kt. 441220-0810, dags. 15. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð með forpökkuð matvæli, ávexti og grænmeti (Pikkoló) í færanlegu torgsöluhúsi við Hvassaleiti (hornið á Hvassaleiti og Háaleitisbraut). Fyrir liggur stöðuleyfi frá byggingafulltrúa til eins árs, sbr. mál USK24050233. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 6. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Reykjavík Napólí ehf., kt. 530317-0990, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa/greiðasala (Neó pizza) að Laugavegi 81, F2005366, rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 6. júní 2036.
- Lögð fram umsókn Samkaupa hf., kt. 571298-3769, dags. 11. júlí 2024, um leyfi til tóbakssölu (Nettó) að Seljabraut 54. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.

Fundi slitið kl. 10:24

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson